

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 505/2022 um (3.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022.

1. gr.

Svohljóðandi breytingar eru gerðar á 1. gr. auglýsingarinnar:

1. Eftirfarandi millifyrirsögn breytist: „Súðavíkurhreppur (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags)“ og verður: Súðavíkurhreppur (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, vinnslukylda innan byggðarlags).
2. Stafliður c) vegna Súðavíkurhrepps fellur niður.
3. Eftirfarandi millifyrirsögn breytist: „Tálknafjarðarhreppur (breyting á viðmiðun úthlutunar, niðurfelling vinnsluskyldu)“ og verður: Tálknafjarðarhreppur (breyting á viðmiðun úthlutunar, vinnsluskylda innan Vestur-Barðastrandarsýslu).

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 4. maí 2022.

F. h. r.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Jón Þrándur Stefánsson.